

samkvæmt framansögðu aðeins vangreiðsla á eftirgjaldi af jörðinni getur komið til greina, eða á landsskuldur upphæð þeirri 120 ál. á landsvísu, sem gerðarþoli hefir tilgreint, og þá með hliðsjón af ákvæðum niðurlags 3. greinar ábúðarlaganna frá 1884 og landsskuld þessi aðeins virðist eiga að miðast við fardagaárið 1932—1933, þegar um núverandi eiganda jarðarinnar er að ræða, eru eigi ennþá samv. 24. grein þeirra laga, þau vanskil fyrir hendi af hálfu ábúanda eða gerðarþola á landsskuldinni, er varði hann útbyggingu, og er því hérmeð úrskurðað.

Miðvikudaginn 28. febr. 1934.

Nr. 129/1933. Ólöf Ingvarsdóttir

gegn

**bæjargjaldkeranum í Reykjavík, f. h.
bæjarsjóðs.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólöf Ingvarsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 2. marz 1934.

Nr. 139/1933. Réttvísín (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Ásmundi Bjarna Helgasyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Vixilfölsun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. okt. 1933: Ákærður, Ásmundur Bjarni Helgason, sæti betrunarhússvinnu í eitt ár og greiði allan kostnað sakarinnar. Hann greiði og

Valtý Blöndal, f. h. Landsbanka Íslands, upphæð hins falsaða vixils, kr. 600, með 6% ársvöxtum frá 15. júní s. l. til greiðsludags, kr. 8,50 í afsagnarkostnað og $\frac{1}{3}$ vixilupphæðarinnar í þóknun innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn hefir réttilega heimfært afbrot ákærða undir 271 gr. hinna almennu hegningarlaga og má fallast á, að hann hefir ákveðið refsinguna betrunarhússvinnu í eitt ár, en með tilliti til þess að ákærði, sem er 30 ára að aldri, hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot og að hann hefir hreinskilningslega og tregðulaust játað brot sitt og samþykkt að bæta tjón það, er af því hlaut, þá þykir samkv. l. nr. 39, 7. nóv. 1907, sbr. l. nr. 51, 7. maí 1928, 4. gr. mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður að liðnum fimm árum frá uppsögn dóms þessa, nema ákærði innan þess tíma sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Ákvæði undirréttardómsins um endurgreiðslu til Landsbanka Íslands og um málskostnað í héraði staðfestast og ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásmundur Bjarni Helgason, sæti betrunarhússvinnu í eitt ár, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum l. nr. 39, 7. nóv. 1907.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 600 kr. með 6% vöxtum frá 15. júní 1933 til greiðsludags og ennfremur sem þóknun $\frac{1}{3}$ af 600 kr. og afsagnarkostnað kr. 8,50.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar fyrir undirrétti og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, máflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 50 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Ásmundi Bjarna Helgasyni, Njálsgötu 85, fyrir brot gegn ákvæðum 27. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir er hér segir, sannaðir með eigin játningu ákærða sem kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Hinn 23. dezember 1932 seldi ákærður í Landsbanka Íslands vixil, að upphæð 600 krónur. Var vixill þessi útgefinn 15. dezember 1932 með gjalddaga 15. júní 1933, samþykktur af ákærðum sjálfum en útgefinn af Kristjáni Kristjánssyni, Sólvallagötu 13 en ábektur af Þórði Magnússyni, Nönnugötu 1 B. Vixillinn var afsagður sakir greiðslufalls hinn 17. júní 1933 og er bankinn átti tal við ábyrgðarmennina neituðu þeir báðir að hafa skrifað nöfn sín á vixilinn.

Landsbanki Íslands kærði út af þessu með bréfi dags. 29. september s. l. Fyrir rétti játaði ákærði viðstöðulaust að hafa falsað nöfn beggja ábyrgðarmannanna á vixli þessum. Menn þessir hafa og báðir neitað undirskrift sinni fyrir rétti og ekki verður séð að ákærður hafi reynt til þess að stæla rithandir þeirra.

Þá gerði ákærður tilraun til þess í maimánuði í vor að selja vixil í Útvegsbanka Íslands H/F dagsettan 5. maí með gjalddaga 5. nóvember 1933. að upphæð 500 krónur. Vixill þessi var samþykktur af ákærðum, útgefandi var Þórður Magnússon, Nönnugötu 1 B, og ábekingar Jón Helgason, Eyri Skötufirði og Steingrímur Magnússon, Ránargötu 46. Vixil þennan tókst ákærðum ekki að selja, með því að bankastjórn Útvegsbankans kallaði á Steingrím Magnússon, Ránargötu 46 í bankann og neitaði hann að hafa gerst ábyrgðarmaður á vixli þessum.

Fyrir réttinum viðurkenni ákærður samstundis að hafa falsað nöfn allra ábyrgðarmannanna á vixli þessum. Þeir Þórður Magnússon og Steingrímur Magnússon hafa og báðir fyrir rétti neitað að hafa skrifað sem ábyrgðarmenn á vixilinn og ekki verður séð að ákærður hafi gert tilraun til að stæla rithandir þeirra, þriðja nafnið á vixli þessum er nafn bróður ákærða, sem búsettur er fyrir vestan, á Eyri í Skötufirði.

Ákærður kveðst hafa leiðst út í þetta vixilfals sakir féleysis. Kveður það hafa verið meiningu sína að greiða vixilinn í Landsbanka Íslands áður en hann félli eða nokkurt tjón yrði að, og til þess að geta staðið í skilum með vixilinn í Landsbankanum kveðst hann hafa gert tilraun til að selja vixilinn í Útvegsbankanum.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. nóvember 1903. Honum hefir ekki verið refsað áður.

Framantalið brot hans ber að álit dómars að heimfæra undir 271. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin eins árs betrunarhússvinna.

Þess hefir verið krafizt fyrir hönd Landsbanka Íslands að ákærður verði dæmdur til að greiða bankanum vixilupphæðina kr. 600, með 6% ársvöxtum frá 15. júní til greiðsludags, kr. 8,50 í afsagnarkostnað og $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun. Ákærður hefir samþykkt kröfu þessa og verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.